

**Nd.**

**68. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem teknar eru fram í athugasemdum við frumvarpið, og ræður því hv. þingdeild til að samþykkja það með eftirfylgjandi

**BREYTINGU :**

1. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddir nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, allt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn. Nefndina skipa 3 menn, rektor mentaskólans og 2 menn aðrir, og sje annar kosinn af háskólaráði, en hinn af stúdentaráðinu; skulu þeir kosnir til tveggja ára, og ganga þeir úr nefndinni sitt árið hvor, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

Alþingi, 20. febr. 1925.

Jörundur Brynjólfsson,  
form.

Björn Lindal,  
frsm.

Ásg. Ásgeirsson,  
skrifari.

Sigurj. Jónsson.

Bernh. Stefánsson.